

## Úrskurður 17/2018

A kærði ákvörðun Tollstjóra um synjun á leiðréttingu aðflutningsskýrslu skv. 116. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Kærandi krafðist þess að ákvörðun Tollstjóra um synjun á leiðréttingu á aðflutningsskýrslu verði breytt og aðflutningsskýrsla sem til umfjöllunar er í málinu verði leiðrétt á þann hátt að kærandi verði skráður sem innflytjandi vörunnar þar sem við tollafgreiðslu hafi rangur aðili verið tilgreindur sem innflytjandi vöru fyrir mistök.

Í kæru er vísað til 1. mgr. 116. gr. tollalaga nr. 88/2005 þar sem fram kemur að innflytjandi hafi sex ár frá tollafgreiðsludegi vöru til að leggja fram leiðréttingar hafi upplýsingar sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu vöru, verið rangar eða ófullnægjandi.

### Niðurstaða

Upplýsingarnar sem tollafgreiðsla byggist á þurfa að hafa verið rangar eða ófullnægjandi til þess að 1. mgr. 116. gr. komi til álita og óska þarf eftir leiðréttingu innan 6 ára frá tollafgreiðsludegi vöru. Um er að ræða heimild fyrir innflytjanda sjálfan til að óska eftir leiðréttingu, að öllum skilyrðum uppfylltum.

Tollstjóri telur kæranda ekki hafa sýnt fram á að upplýsingar þær sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu vöru, hafi verið rangar eða ófullnægjandi en slíkt er skilyrði fyrir leiðréttingu sbr. 1. mgr. 116. gr. tollalaga. Tollstjóri telur þvert á móti allt benda til þess að rétt hafi verið staðið af tollafgreiðslu sendingar þeirrar sem til umfjöllunar er í málinu.

Þá er eitt af skilyrðum 116. gr. tollalaga að innflytjandi sjálfur óski eftir leiðréttingu aðflutningsskýrslu. Kærandi í máli þessu er ekki skráður innflytjandi og skilyrði 116. gr. því ekki uppfyllt að þessu leyti.

Staðfest var ákvörðun embættisins um synjun leiðréttingu á aðflutningsskýrslu.